

## REGLUGERÐ

### um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### *Heiti og aðsetur.*

Nefndin heitir kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa og hefur hún aðsetur á skrifstofu viðskiptaráðuneytis.

###### 2. gr.

###### *Valdsvið.*

Aðilar að lausafjár- og þjónustukaupum geta leitað álits nefndarinnar vegna ágreinings um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

#### II. KAFLI

##### Skipulag og starfshættir.

###### 3. gr.

###### *Skipan nefndar.*

Nefndarmenn skulu vera þrír. Ráðherra skipar einn nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna og annan eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera dómari. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

###### 4. gr.

###### *Starfsmenn nefndar og kostnaður.*

Nefndinni skal heimilt að ráða sér starfsmann að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið.

Telji formaður þörf sérkunnáttu við úrlausn mála getur hann kvatt til ráðuneytis mann eða menn sem hafa slíka sérkunnáttu.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

###### 5. gr.

###### *Þagnarskylda.*

Nefndarmönnum ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik, sem þeim verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- og einkahagsmuna. Sama gildir um þá sem starfa fyrir nefndina. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

### III. KAFLI Meðferð mála.

#### 6. gr.

##### *Form og efni álitsbeiðni.*

Álitsbeiðni skal vera skrifleg og skal þar greint nafn, heimilisfang og kennitala þess er kærir. Ef álitsbeiðni er borin fram af öðrum en þeim er hefur hagsmuni af úrlausn máls skal skriflegt umboð fylgja.

Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og kröfum. Álitsbeiðni skal fylgja rökstuðningur og þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.

Nefndin getur ákveðið að álitsbeiðni skuli skilað á sérstöku eyðublaði sem hún lætur útbúa.

#### 7. gr.

##### *Frávísun.*

Nefndin skal vísa máli frá ef álitsbeiðni heyrir ekki undir starfssvið nefndarinnar.

Uppfylli álitsbeiðni ekki kröfur þessarar reglugerðar skal álitsbeiðanda veittur 10 daga frestur til að bæta úr ágöllum en að þeim tíma liðnum skal máli vísað frá.

#### 8. gr.

##### *Málshraði.*

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og skal álit nefndarinnar að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því nefndin tók mál til efnislegrar umfjöllunar.

#### 9. gr.

##### *Málflutningur.*

Málflutningur er skriflegur og kallar nefndin ekki fyrir vitni eða matsmenn.

Verði mál tekið til efnislegrar meðferðar skal gagnaðili fá álitsbeiðni til umsagnar. Gagnaðila skal veittur 10 daga frestur til að skila umsögn sinni. Telji nefndin að greinargerð gagnaðila sé á einhvern hátt áfátt getur hún veitt honum 5 daga frest til úrbóta. Álitsbeiðandi skal fá umsögn gagnaðila senda til upplýsingar. Telji nefndin þess þörf getur hún óskað eftir framhaldsgreinargerð álitsbeiðanda. Skal honum þá veittur 10 daga frestur til að skila greinargerð sinni.

#### 10. gr.

##### *Stjórnsýslulög.*

Um meðferð mála fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

#### 11. gr.

##### *Útgáfa og kynning álita.*

Nefndin skal gefa út álit sín árlega. Nefndinni er heimilt að stytta álitin við útgáfu þeirra enda sé ekki um að ræða álit sem fordæmisgildi hafa. Nefndin ákveður sjálf hvernig hún hagar kynningu á einstökum álitum milli árlegrar útgáfu.

Samhliða útgáfu álita skal nefndin gefa út yfirlitsskýrslu um störf sín.

IV. KAFLI

**Gildistaka.**

12. gr.

Reglugerð þessi sem sett með heimild í bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 6. júlí 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Þorgeir Örlygsson.*